

Forsætisráðherra  
Bjarni Benediktsson  
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg  
101 Reykjavík

Reykjavík, 7. mars 2017

## Efni: Mörkun stefnu um einföldun regluverks atvinnulífsins

Félag atvinnurekenda vísar til viðtals við forsætisráðherra í Morgunblaðinu laugardaginn 4. mars síðastliðinn. Þar var rætt um áralanga viðleitni til að minnka ríkisbáknið og einfalda regluverk atvinnulífsins. Í viðtalini segir ráðherra: „Á síðari árum höfum við verið að reyna að vinna með þá reglu að það komi ekki inn ný íþyngjandi lög eða reglur án þess að sambærileg íþyngjandi regla verði afnumin. En við lifum í flóknum lagahemi. Það flæða yfir okkur alls konar tilskipanir og reglugerðir.“

Hér er væntanlega vísað til ákvæða í stjórnarsáttmála síðustu ríkisstjórnar, en þar var mörkuð stefna um endurskoðun regluverks atvinnulífsins með einföldun og aukna skilvirkni að markmiði. Í stjórnarsáttmálanum sagði: „Sérstakt markmið er að engar nýjar íþyngjandi reglur verði innleiddar fyrir atvinnulífið án þess að um leið falli brott jafnveigamiklar kvaðir. Þannig munu heildaráhrif regluverksins þróast í rétta átt.“

### Þróunin hefur verið í öfuga átt

Samkvæmt skýrslu ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur, sem birt var á vef forsætisráðuneytisins í október síðastliðnum, gengu þessi markmið ekki eftir. Á 143.-145. löggjafarþingi urðu að lögum 35 frumvörp sem snertu regluverk atvinnulífsins. Sex þeirra voru til einföldunar regluverks, tólf fólu bæði í sér einföldun og íþyngjandi reglur og afgangurinn, eða sautján frumvörp, fólu eingöngu í sér íþyngjandi regluverk. Þannig þróuðust heildaráhrif regluverksins í ranga átt, þvert á stefnu síðustu ríkisstjórnar.

Hvers vegna gerist þetta, þrátt fyrir að pólitísk stefna hafi verið mörkuð? Að mati Félags atvinnurekenda eru fyrir því að minnsta kosti fjórar ástæður.

- Í fyrsta lagi virðast embættismenn ráðuneytanna oft ekki hafa tekið eftir því að mörkuð hafi verið stefna um einföldun regluverks. Þegar þeir setjast við samningu frumvarpa finnst þeim sjálfsagt og eðlilegt að bæta íþyngjandi kvöðum á atvinnulífið.
- Í öðru lagi hafa ráðuneytin nánast algjörlega vanrækt það hlutverk sitt að meta áhrif frumvarpa á reglubyrði atvinnulífsins. Í áðurnefndri úttekt kemur fram að einhvern vísi að slíku mati mátti finna í tveimur frumvörpum af 35.
- Í þriðja lagi hefur mjög takmörkuð vinna farið fram við að skoða gildandi löggjöf og hvernig megi einfalda hana, léttu reglubyrðina og draga úr samkeppnishömlum.

- Í fjórða lagi kemur mikið af nýju regluverki atvinnulífsins frá Evrópusambandinu í gegnum EES-samninginn. Við samningu frumvarpa til að innleiða EES-reglurnar nýta ráðuneytin iðulega ekki það svigrúm sem Ísland hefur til að létta reglubyrðina, heldur bæta þvert á móti við séríslenzkum, íþyngjandi reglum. Niðurstaða ráðgjafarnefndarinnar var að það hefði verið gert í þriðjungi tilvika þegar ný EES-löggjöf var innleidd. FA hefur bent á fjölda dæma um þetta á síðustu árum. Drög að frumvarpi heilbrigðisráðherra um rafrettur eru það nýjasta og eitt það skýrasta – þar er gengið miklu lengra í inngrípum í persónu- og athafnafrelsi en viðkomandi Evróputilskipun gerir ráð fyrir og með drögunum er ekki einu sinni greinargerð.

### Áform um fækkun leyfisveitinga hafa ekki gengið eftir

FA vekur jafnframt athygli á því að frumvarp forsætisráðherra um leyfisveitingar, sem boðað var í endurskoðaðri þingmálaskrá síðustu ríkisstjórnar fyrir vetrar- og vorþing 2016, kom aldrei fram á Alþingi. Frumvarpinu var ætlað að „fækka þeim tilvikum þar sem þörf er á leyfi stjórnvalda til að hefja atvinnustarfsemi, annaðhvort með þeim hætti að ekki þurfi leyfi eða að stað leyfis komi tilkynning til stjórnvalda um að fyrirtæki hafi hafið starfsemi,“ að því er fram kom í þingmálaskránni. Þá var markmiðið einnig sagt að huga að skilyrðum í leyfum, gagnaöflun vegna leyfisumsókna og kostnaði við umsóknir. Félagið hvetur ráðherra til að leggja þetta frumvarp fram á þingi.

### Ný stefna um einföldun regluverks

Ný ríkisstjórn hefur ekki sett sér sérstaka stefnu um einföldun regluverks atvinnulífsins og ekki eru ákvæði um slíkt í stjórnarsáttmálanum. FA gengur hins vegar út frá því að vilji sé til þess að marka slíka stefnu. Að mati félagsins ætti hún meðal annars að innihalda eftirfarandi þætti:


- Gera þarf þá kröfu til ráðuneytanna að þau **birti með lagafrumvörpum mat á kostnaði og ávinnungi fyrir atvinnulífið**, þegar það á við. Hér telur FA að komi sterkelega til greina að hrinda í framkvæmt tillögum Samkeppniseftirlitsins og Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, um að íslenzk stjórnvöld taki upp svokallað samkeppnismat, aðferðafræði sem þróuð hefur verið á vettvangi OECD og gefið góða raun til að létta reglubyrði atvinnulífsins og efla samkeppni í ýmsum aðildarríkjum.
- Samkeppnismatinu mætti jafnframt beita til að **fara yfir gildandi löggjöf**, greina samkeppnishömlur og íþyngjandi kvaðir fyrir atvinnulífið og gera úrbætur.
- Setja ætti skýra reglu um að **engar nýjar íþyngjandi kvaðir verði lagðar á atvinnulífið nema í staðinn falli brott jafnveigamiklar kvaðir** og gera að þessu sinni árlega mælingu á því hvort henni hafi verið fylgt.
- Gera á þá kröfu til ráðuneytanna að þau **tilgreini nákvæmlega** í greinargerð með frumvörpum til innleiðingar EES-reglna
  - hvaða ákvæði eru til innleiðingar á Evrópureglunum,
  - hvaða ákvæði eru umfram það sem nauðsynlegt er vegna innleiðingar Evrópureglna og hver sé rökstuðningurinn fyrir að ganga lengra en þær kveða á um,
  - hvaða svigrúm er gefið í viðkomandi tilskipun eða reglugerð til minna íþyngjandi innleiðingar.

**Boð um nefndarsetu þakkað**

Að lokum þakkar FA boð ráðuneytisins frá 20. febrúar síðastliðnum um að félagið tilnefni fulltrúa með seturétt, málfrelsi og tillögurétt í ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur. Félagið hefur þegar sent ráðuneytinu tilnefningu sína.

Félag atvinnurekenda er reiðubúið til samstarfs við forsætisráðuneytið um mörkun nýrrar stefnu í þessum málum sem geti stuðlað að aukinni skilvirkni og framleiðni í atvinnulífinu og létt óþarfa kvöðum af fyrirtækjum, ekki sízt þeim minni og meðalstóru.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen framkvæmdastjóri